

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Fjarðabyggð.

#### *Deiliskipulag Ljósár 1, Eskifirði.*

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum 21. mars 2013 deiliskipulag Ljósár 1 á Eskifirði.

Deiliskipulagssvæðið tekur til fjögurra lóða neðan Strandgötu, lóðirnar eru Strandgata 70a, 70b, 70c og 72. Ljósá rennur milli Strandgötu 70c og Strandgötu 72. Fjöruborð Eskifjarðar er neðan skipulagssvæðisins.

#### *Deiliskipulag iðnaðarsvæðis á Kollaleiru, Reyðarfirði.*

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum 21. mars 2013 að breyta deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Kollaleiru á Reyðarfirði.

Breytingar á deiliskipulaginu fólust í að skipulagssvæðið stækkar, Tjarnarvogur fellur út ásamt lóðum, nýjar lóðir eru búnar til þar sem svæðið stækkar, nokkrar lóðir eru felldar út, aðrar lóðir stækka og enn aðrar minnka.

#### *Deiliskipulag vöruflutningahafnar á Reyðarfirði.*

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum 21. mars 2013 að breyta deiliskipulagi vöruflutningahafnar á Reyðarfirði.

Breytingar felast í að skipulagssvæðið minnkar en deiliskipulag iðnaðarsvæðisins á Kollaleiru stækkar að sama skapi. Bætt er við einni lóð, Ægisgötu 70 fyrir hafnarvog.

#### *Deiliskipulag Bakkagerðis 1, Reyðarfirði.*

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum 21. mars 2013 að breyta deiliskipulagi Bakkagerðis 1 á Reyðarfirði.

Breytingar felast í að raðhúsa- og parhúsalóðum við Brekkugerði er breytt í einbýlishúsalóðir, lóð fyrir spennistöð við Brekkugerði 15 er breytt í einbýlishúsalóð ásamt breytingum á lóðamörkum, nokkrum lóðum þar sem gert var ráð fyrir einnar hæðar húsum er breytt þannig að gert er ráð fyrir tveggja hæða húsum.

#### *Deiliskipulag Mels 1, Reyðarfirði.*

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum 21. mars 2013 að breyta deiliskipulagi Mels 1 á Reyðarfirði.

Breytingar á deiliskipulaginu fólust í að íbúðafjöldi eykst þannig að á svæðinu verða 10 einbýlishús, 20 íbúðir í 10 parhúsum og 57 íbúðir í 15 raðhúsum.

#### *Deiliskipulag fiskihafnar austan Búðarár, Reyðarfirði.*

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum 21. mars 2013 að breyta deiliskipulagi fiskihafnar austan Búðarár á Reyðarfirði.

Deiliskipulagssvæðið er austan Búðarár og austur fyrir Austurveg 24 þar sem nýrri hjáleid í gegnum þéttbýlið er komið fyrir. Nýjum lóðum, Óseyri 3, 5 og 7 er bætt við og lóðir undir fráveitu, dælingu/hreinsun eru felldar út.

#### *Deiliskipulag Símonartúns, Eskifirði.*

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum 21. mars 2013 deiliskipulag Símonartúns utan Eskifjarðar.

Deiliskipulagssvæðið felur meðal annars í sér að gerðar eru 11 lóðir við Símonartún undir hesthús eða annað húsdýrahald. Ein lóð er fyrir félagsheimili og reiðskemmu en á svæðinu er einnig gert ráð fyrir sameiginlegri aðstöðu fyrir skeiðvöll, tanningagerði, hólf, tanningahring o.fl.

Deiliskipulagstillögurnar voru auglýstar samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir.  
Auglýsingin öðlast þegar gildi.

*Fjarðabyggð, 6. júní 2013.*

**Páll Bj. Guðmundsson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 27. júní 2013